

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2011

2011/EES/37/04

frá 1. apríl 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/108/EB frá 17. ágúst 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0108:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/108/EB frá 17. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 213, 18.8.2009, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/108/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 7.

(²) Stjtið. ESB L 213, 18.8.2009, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.